

#### **4. mál Tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna um borgarafundi**

**Sóley Tómasdóttir:** Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég ætla að mæla hér fyrir tillögu okkar Vinstri grænna um borgarafundi. Ég ætla svo sem ekki að vera margorð um þessa tillögu sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

Borgarstjórn samþykkir að standa fyrir opnum borgarafundum einu sinni á ári þar sem beint samtal fer fram milli borgarbúa og kjörinna fulltrúa. Fundirnir verði undirbúnir af hverfisráðum í samráði við íbúasamtök og starfsfólk þjónustumiðstöðva. Tilvitnun lýkur.

Sumum gæti þótt að hér væri um léttvægt gæluverkefni að ræða en svo er aldeilis ekki. Tillagan varðar grundvallarrétt borgarbúa til að hafa áhrif á nærumhverfi sitt og stöðu. Þó vissulega geti borgarbúar leitað til einstakra borgarfulltrúa með skoðanir sínar og erindi, þá er það bara ein leið. Nauðsynlegt er að við fjölgum færum leiðum fyrir íbúa Reykjavíkur til þess að hafa áhrif. Krafan um aukið lýðræði hefur orðið æ háværi á undanförunum misserum. Við sem hér sitjum eigum að bregðast við og hlusta og viðurkenna að við vinnum í umboði borgarbúa. Reglubundnir borgarafundir á vegum grasrótarsamtaka eftir hrun voru gagnlegir fyrir okkur öll. Þeir voru haldnir á forsendum fundargesta og þar átti sér stað samtal sem skipti máli.

Það á ekki að þurfa hrun til að samtalið eigi sér stað. Grasrótarsamtök eiga ekki heldur að þurfa að vinna baki brotnu til að samtalið eigi sér stað. Kjörnir fulltrúar eiga að sinna þessari skyldu og Reykjavík sem stjórnvald á að skapa vettvang til þess. Með samþykkt tillögunnar getum við aukið vægi samtalsins enn frekar og komið vilja borgarbúa á framfæri með einföldum hætti. Þannig getum við bætt þjónustuna og forgangsraðað í samræmi við vilja fólksins í auknu mæli. En borgarafundur er ekki aðeins til að auka meðvitund kjörinna fulltrúa um vilja og þarfir umboðenda sinna, þeim er ekki síður ætlað að virkja áhuga og þátttöku borgarbúa á borgarmálum, umhverfinu og stjórnkerfinu, það er aldeilis verðugt verkefni og öllum til góða.

Hvað praktísk mál varðar þá tel ég æskilegast að hverfisráðin bæru ábyrgð á skipulagningu fundanna í samstarfi við íbúasamtök, framkvæmdastjóra og starfsfólk þjónustumiðstöðva og Ráðhúss. Markmiðið er ekki að gefa borgarfulltrúum færi á fyrirlestrum, heldur mundu þeir ganga út á að svara

Bstj. 18. maí 2010

spurningum frá íbúum. Ég ætla ekki að fara nánar ofaní praktíkina, þó vissulega þurfi að finna hentugt húsnæði og helst að tryggja útsendingar frá fundum, annað hvort á tíðni borgarstjórnar eða með öðrum hætti. Einhver kostnaður gæti mögulega hlotist af verkefninu, en hann getur þó varla talist verulegur.

Ég geri ráð fyrir jákvæðum viðbrögðum við tillögunni hér á fundinum enda er hún í anda aukins samráðs, aukins samtals og aukinnar samvinnu eins og fulltrúar allra flokka leggja ríka áherslu á um þessar mundir.

**Forseti:** Sóley Tómasdóttir borgarfulltrúi hefur lokið máli sínu. Til máls tekur hæstvirtur borgarstjóri.

#### **4. mál Tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna um borgarafundi**

**Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir:** Forseti, borgarfulltrúar. Ég þakka tillöguflytjanda fyrir þessa tillögu. Ég held að hún sé eins og tillöguflytjandi sjálfur nefndi í góðu samræmi við þær áherslur sem öll borgarstjórn hefur verið að leggja að undanfögnu. Við höfum öll átt sameiginlega aðkomu að því að tryggja aukna aðkomu íbúa að ákvarðanatökum og flutt margar tillögur öll um það og verið nokkuð samstíga og sammála um það, þannig að ég legg til að tillagan verði samþykkt.

**Forseti:** Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Dofri Hermannsson borgarfulltrúi tekur nú til máls.

#### **4. mál Tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna um borgarafundi**

**Dofri Hermannsson:** Virðulegi forseti og borgarstjórn. Ég vil þakka Vinstri grænum fyrir þessa ágætu tillögu. Opið lýðræði og gagnvirkt eða samband á milli þeirra sem að hér starfa og þeirra sem að veita okkur umboðið það þarf að auka. Og til þess eru margar leiðir og þetta er ein af þeim leiðum. Það má til gamans geta þess að ein slík leið hefur náttúrulega verið fundir og reglulegir fundir borgarstjóra í hverfum borgarinnar, sem að því miður varð ekki af núna á þessu vori, en þar var hægt að tala milliliðalaust við borgarstjóra. Það skiptir máli að slíkir fundir séu haldnir. Þá oft undirbúa íbúasamtök í hverfunum sig og reyna að fá skýr og skilyrðislaus svör við þeim málum sem brenna á íbúum í hverfinu.

En ég vil leyfa mér að fara vítt og breitt. Ég held að það væri hægt að gera meira. Ef við horfum til Alþingis, þó að manni hafi þótt það kannski ekki vera til sérstakrar fyrirmyndar síðustu misserin, þá er upplýsingakerfið þar með ágætum. Þar er hægt að fletta upp í öllum ræðum og það er hægt að hlusta á allar ræður og það er hægt að horfa á viðmælendur. Og eins og lýðræðið hefur verið að þróast núna og hin lýðræðislega umræða, þá hefur hún verið að færast mikið á internetið, eins og borgarfulltrúar væntanlega þekkja allir.

Og ég vil til dæmis benda á blogg Láru Hönnu Einarsdóttur, hún hefur gert það með mjög skemmtilegum hætti. Hún hefur tekið upp úr fréttatímum og af Alþingisvefnum skot, video-skot eða myndbandsskot og raðað þeim saman til þess að leggja áherslu á einhver lykilmál. Hún í rauninni er eins manns fréttastofa. Og það er alltaf að verða auðveldara og auðveldara að taka svona saman efni og gera grein fyrir sínum skoðunum. Maður getur svo birt þetta eins og Lára Hanna gerir á sínum bloggvef. Og maður þarf ekki að vera neinn snillingur í fjölmiðlun til að gera það og þetta getur vakið upp umræður.

Ég held að það sé mjög gott fyrir lýðræðið ef að við sem erum hér að tala við borgarstjórn erum í mynd og hljóði og að það sé hægt að taka það beint upp af netinu með sem einföldustum hætti. Taka það og setja inn á sína vefsíðu eða Facebook eða hvað þetta heitir, til þess að leggja áherslu á bæði góð mál og svo líka eitthvað sem maður kann að vera mjög mikið á móti, skapa um það umræðu. Af því að það sem að hefur kannski gengið næst lýðræðinu á síðustu árum er þetta

einsporakerfi. Við höfum farið frá því að tala saman á torgum, að skiptast á rökstuddum hugsunum á síðum dagblaða, sem að í gegnum árin hefur verið og árhundruðin, við höfum farið frá því yfir í einsporaleiðir, þ.e.a.s. við höfum notað útvarp og sjónvarp til þess að koma bara okkar skoðunum til skila og kjósendur, borgararnir þeir sem að hafa atkvæðisréttinn þeir sitja heima í stofu og þeir geta ekki haft nein áhrif á það sem að þar fer fram. Þannig að allar tillögur um að opna umræðuna hérna, að opna fundina, þær eru af hinu góða og er sjálfsagt að styðja. Ég mundi gjarnan vilja, þó að ég viti að það sé svo sem áliðið og allt það, þá mundi ég gjarnan vilja fá einmitt umræðu um þetta og fá að heyra þá í fulltrúum meirihlutans og þá hvort að þeir taka undir þessi sjónarmið.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Dofri Hermannsson hefur lokið máli sínu. Þá er umræðu lokið og hér liggur fyrir fundinum tillaga Vinstri grænna um borgarafundi og það þarf að greiða atkvæði um hana. [Forseti slær í bjöllu] Gott og vel – þeir sem að samþykkja [frammícall]. Eins gott að ég lesi tillöguna. Tillagan er hér – þetta er tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna um borgarafundi og hún hljóðar þannig:

Borgarstjórn samþykkir að standa fyrir opnum borgarafundum einu sinni á ári þar sem beint samtal fer fram milli borgarbúa og kjörinna fulltrúa. Fundirnir verði undirbúnir af hverfisráðum í samráði við íbúasamtök og starfsfólk þjónustumiðstöðva.

Þeir sem samþykkja þessa tillögu gefi merki. Tillagan er samþykkt með 14 atkvæðum. Þá hafa B- og D-listi óskað eftir að tillaga um fjarnám á grunnskólastigi verði tekin til umfjöllunar og það er borgarfulltrúi Marta Guðjónsdóttir sem gerir grein fyrir tillögunni. Það þarf að taka hana á dagskrá með afbrigðum.